

Félagsvísar: Sérhefti um fjárhag heimila

Social indicators: Special issue on household finances

Samantekt Markmið þessa sérheftis er að varpa ljósi á fjárhag heimila út frá heimilisgerð og stöðu á húsnæðismarkaði. Til þess að meta fjárhag heimila verður horft til þriggja mælikvarða; lágtekjuhlutfalls, byrði húsnæðiskostnaðar og skorts á efnislegum gæðum. Mælikvarðarnir eru allir hluti af fjárhagsvídd félagsvísa.

Niðurstöður benda til þess að fjöldi fullorðinna á heimili virðist hafa lykiláhrif á fjárhag heimilis og að börn hafi fyrst og fremst áhrif á fjárhag ef aðeins einn fullorðinn býr á heimilinu. Heimili einstæðra foreldra og einmenninga eru því líklegust til þess að búa við fjárhagsþrengingar. Auk þess virðist staða á húsnæðismarkaði hafa áhrif en fjárhagsstaða þeirra sem búa í leiguhúsnæði er almennt verri en þeirra sem búa í eigin húsnæði. Heimili einstæðra foreldra eru líklegust til þess að vera í leiguhúsnæði og einmenningsheimili næstlíklegust.

Hlutfall undir lágtekjumörkum hefur ekki breyst mikið á heildina lítið á tímabilinu 2016 til 2019 en þegar horft er til einstakar heimilisgerðir sést að lágtekjuhlutfallið hefur hækkað hjá einstæðum foreldrum en lækkað eða ekki breyst hjá öðrum heimilisgerðum. Árið 2019 voru 37,5% einstæðra foreldra undir lágtekjumörkum samanborið við 13,7% heimila þar sem einn barnlaus fullorðinn bjó, 8,4% heimila tveggja fullorðinna með börn og 6,5% heimila tveggja eða fleiri barnlausra fullorðinna.

Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er algengastur meðal einstæðra foreldra, eða 36,3%, og næstalgengastur á einmenningsheimilum, eða 23,4%. Af heimilum tveggja fullorðinna með börn eru 10,6% með íþyngjandi húsnæðiskostnað og 6,4% heimila tveggja eða fleiri barnlausra fullorðinna.

Á tímabilinu 2016 til 2019 dró nokkuð úr skorti á efnislegum gæðum á meðal heimila einstæðra foreldra og á meðal einmenningsheimila en árið 2019 var tíðni skorts á efnislegum gæðum 9,5% á heimilum einstæðra foreldra og 8,6% á einmenningsheimilum. Þá var tíðni skorts á efnislegum gæðum 3,1% á heimilum tveggja fullorðinna með börn og 3,2% á heimilum tveggja eða fleiri barnlausra fullorðinna og hafði hlutfallið lítið breyst frá árinu 2016.

Þessar niðurstöður byggja á lífskjararannsókn Hagstofu Íslands sem er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópska efnahagssvæðisins (EU-SILC).

Tölur ársins 2019 eru bráðabirgðatölur.

Abstract The aim of this thematic issue is to shed light on household finances based on household type and tenure status. In order to assess household finances, three criteria will be considered; at risk-of-poverty rate, material deprivation, and housing cost burden. The criteria are all part of the financial dimension of the social indicators.

The results indicate that the number of adults seems to be a key factor when it comes to household finances, and that children mainly seem to have an impact when there's only one adult living in the household. Single-parent households and households with one single childless adult generally have the worst financial outcome.

Tenant status also seems to effect household finances, where financial difficulties seem to be more prevalent among tenant than among homeowners. Single-parent homes are the most likely to be in the rental market and childless one adult households are the second most likely to be in the rental market.

The at risk-of-poverty ratio has increased for single-parent households but decreased or not changed among other household types. In 2019, 37.5% of single parents were at risk of poverty, compared with 13.7% of households with one childless adult, 8.4% of households with two adults with children and 6.5% of households with two or more childless adults.

Housing cost overburden is most common in single-parent households, 36.3%, followed by single-family homes, 23.4%. Out of households with two adults with children 10.6% have a housing cost overburden and 6.5% of households with two or more childless adults.

Material deprivation decreased somewhat between 2016 and 2019 among single-parent households and households where one childless adult lived. In 2019, the material deprivation rate was 9.5% among single-parent households and 8.6% among households where one childless adult lived. In 2019 the material deprivation rate was 3.1% among households consisting of two adults with children and 3.2% among households consisting of two or more childless adults.

All 2019 figures are preliminary.

Efnisyfirlit	
Inngangur	4
Heimilisgerðir	4
Staða á húsnæðismarkaði	4
Lágtekjumörk	6
Lágtekjumörk eftir heimilisgerð.....	7
Lágtekjumörk eftir stöðu á húsnæðismarkaði	8
Lágtekjumörk eigenda og leigjenda húsnæðis eftir heimilisgerð.....	9
Skortur á efnislegum gæðum.....	11
Skortur á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð.....	15
Skortur á efnislegum gæðum eftir stöðu á húsnæðismarkaði.....	17
Íþyngjandi húsnæðiskostnaður.....	11
Íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir heimilisgerð	11
Íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir stöðu á húsnæðismarkaði	12
Íþyngjandi húsnæðiskostnaður á meðal eigenda og leigjenda húsnæðis eftir heimilisgerð.....	13
Gögn félagsvísa og fyrirvarar þeirra	18
Skýringar félagsvísa	18

Inngangur

Markmiðið er að varpa ljósi á fjárhag mismunandi heimilisgerða eftir stöðu á húsnæðismarkaði

Hagstofan gaf síðast út sérhefti um skort á efnislegum gæðum og byrði húsnæðiskostnaðar árið 2015 auk þess sem fjallað var um lágtekjumörk á heimilum barna í sérhefti sem kom út árið 2014. Í þessu sérhefti verður fjallað um fjárhag eftir heimilisgerð og stöðu á húsnæðismarkaði á tímabilinu 2004 til 2019.

Niðurstöðurnar byggja á lífskjararannsókn Hagstofu Íslands. Gögnum er jafnan safnað frá febrúar og fram í maí ár hvert en tekjuupplýsingar byggjast á framtalsgögnum nýliðins árs. Úrtak rannsóknarinnar er fengið á þann hátt að einstaklingar eru valdir með slembni úr þjóðskrá og þar með heimilið sem þeir tilheyra. Sá einstaklingur sem er valinn í úrtakið kallast valinn svarandi og veitir hann upplýsingar um aðstæður heimilis, sínar eigin og allra annarra heimilismeðlima. Í þessu sérhefti er greiningin miðuð við heimili.

Sérheftinu er skipt í fimm hluta. Fyrst er stuttlega fjallað um þær heimilisgerðir sem eru meginviðfangsefni sérheftisins. Síðan er umfjöllun um stöðu á húsnæðismarkaði og hlutfall mismunandi heimilisgerða í leiguhúsnæði á Íslandi. Í næstu þremur hlutum er varpað ljósi á lágtekjuhlutfall, íþyngjandi húsnæðiskostnað og skort á efnislegum gæðum eftir heimilisgerðum og stöðu á húsnæðismarkaði.

Heimilisgerðir

Til heimilis teljast þeir sem búa saman og deila rekstri heimilisins

Fjórar mismunandi heimilisgerðir eru til umfjöllunar í þessu sérhefti. Til heimilis teljast allir þeir sem búa í sama húsnæði og deila rekstri heimilisins. Því samanstanda ekki öll heimili af fjölskyldum en sem dæmi þá geta tveir námsmenn deilt húsnæði og það talist sem heimili en ekki fjölskylda. Upplýsingar um heimilisgerðir gefa þó sterka vísbendingu um fjölskyldugerðir enda eru flest heimili einnar fjölskyldu heimili.

Í fyrsta hópnum eru heimili þar sem einn fullorðinn býr ásamt einu eða fleiri börnum. Annar hópurinn samanstendur af fullorðnum einstaklingum sem búa einir. Þriðji hópurinn samanstendur af heimilum tveggja fullorðinna ásamt einu eða fleiri börnum. Fjórði hópurinn samanstendur svo af heimilum þar sem tveir eða fleiri barnslausir fullorðnir einstaklingar búa. Þessum hópi tilheyrir til dæmis fólk með uppkomin börn sem búa annað hvort enþá heima eða eru flutt að heiman, ungt barnlaust fólk, fólk sem á börn á öðrum heimilum, fólk sem á ekki börn og fólk sem tengist ekki fjölskylduböndum eins og til dæmis námsmenn sem búa saman.

Staða á húsnæðismarkaði


Staða á húsnæðismarkaði veitir mikilvægar upplýsingar um félagslega velferð heimila. Í þessu sérhefti verður stöðu á húsnæðismarkaði skipt í tvennt: Eigendur og leigjendur. Gögn lífskjararannsóknar búa yfir nánari sundurliðun og teljast þeir eigendur sem búa í eigin húsnæði, með eða án húsnæðisláns, en til leigjenda heyra þeir sem leigja húsnæði sitt á almennum markaði og þeir sem leigja húsnæði sitt undir markaðsverði í gegnum tiltekin húsnæðisúrræði. Að auki er einn hópur til viðbótar sem fellur undir leigjendur, þ.e. fólk sem býr gjaldfrjálst í húsnæði sem ekki er þeirra eigið.

Á mynd 1 sést að hlutfall heimila á leigumarkaði hefur hækkað talsvert, eða um rúmlega helming frá árinu 2004 til ársins 2019, en árið 2004 voru 19,6% heimila á Íslandi á leigumarkaði samanborið við 26% heimila árið 2014 og 32% heimila árið

2019. Árið 2019 voru 34,4% heimila án barna á leigumarkaði samanborið við 26,2% heimila með börn.

Mynd 1. Hlutfall barnlausra heimila og heimila með börn á leigumarkaði

Figure 1. Percentage of tenants by households with or without children



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: Barnlaus heimili $\pm 1,7$; heimili með börn $\pm 1,9$; öll heimili $\pm 1,3$. CI (95%) 2019; Childless households ± 1.7 ; households with children ± 1.9 ; all households ± 1.3 .

Heimili þar sem einn fullorðinn býr eru líklegust til þess að vera á leigumarkaði


Á mynd 2 má sjá hlutfall heimila í leiguhúsnæði eftir heimilisgerðum. Hlutfall heimila á leigumarkaði hefur hækkað töluvert fyrir allar heimilisgerðir frá árinu 2004. Fjöldi fullorðinna virðist hafa sterkari tengsl við stöðu á húsnæðismarkaði en tilvist barna á heimilum. Hlutfall heimila á leigumarkaði þar sem einn fullorðinn bjó, með eða án barna, var mun hærra en hlutfall heimila á leigumarkaði þar sem tveir eða fleiri fullorðnir bjuggu, með eða án barna, yfir allt tímabilið 2004 til 2019.

Árið 2019 voru um helmingur heimila einstæðra foreldra á leigumarkaði og frá árinu 2006 hafa þeir almennt verið líklegri til þess að vera á leigumarkaði heldur en þeir sem búa einir.

Um helmingi færri heimili með tveimur fullorðnum ásamt einu eða fleiri börnum voru á leigumarkaði heldur en heimili einstæðra foreldra. Hlutfall þeirra á leigumarkaði hefur meira en tvöfaldast á tíu árum; úr 9,2% árið 2009 upp í 24,7% árið 2019. Árin 2018 og 2019 var ekki marktækur munur á hlutfalli á leigumarkaði á meðal barnlausra heimila með tveimur eða fleiri fullorðnum og heimila þar sem tveir fullorðnir bjuggu ásamt einu eða fleiri börnum og árin þar á undan var munurinn lítill sem rennir enn frekari stöðum undir það að tilvist barna á heimilum virðist hafa minni áhrif á stöðu á húsnæðismarkaði heldur en fjöldi fullorðinna á heimili.

Mynd 2. Hlutfall mismunandi heimilisgerða á leigumarkaði

Figure 2. Percentage of tenants by household type



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: 1 fullorðinn m. barn/börn ±6,0; 2 fullorðnir m. barn/börn ±2,4; 1 fullorðinn, barnlaus ±2,7; 2+ fullorðnir, barnlausir ±1,7. CI (95%) 2019; 1 adult w. child/children ±6.0; 2 adults w. child/children ±2.4; 1 adult, childless ±2.7; 2+ adults, childless ±1.7.

Lágtekjumörk

Lágtekjumörk eru 60% af miðgildi ráðstöfunartekna

Lágtekjumörk (e. risk-of-poverty) er mæling á lífsskjörum. Lágtekjumörk byggja á 60% miðgildi ráðstöfunartekna heimila og eru þau heimili sem falla undir lágtekjumörk skoðuð sérstaklega, sk. lágtekjuhluftfall (e. risk-of-poverty rate). Til þess að reikna ráðstöfunartekjur er byggt á neyslueiningum hvers heimilis fyrir sig.

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. equivalised disposable income) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til þess hversu margir þurfa að lifa á þeim. Neyslueining er vog sem tekur tillit til mismunandi stærða heimila og að útgjöld aukast ekki alltaf í réttu hlutfalli við fjölda heimilismanna því ýmis kostnaður við rekstur heimilis er sá sami hvort sem einn eða fleiri búa saman.

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu eru þess vegna almennt lægri á heimilum þar sem einn fullorðinn býr en á heimilum þar sem fleiri fullorðnir búa saman. Til þess að vera með sambærilegar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu þurfa einstæðir foreldrar að vera með hærri tekjur en barnlausir einstaklingar sem búa einir en þó er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna.

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu eru reiknaðar í þremur skrefum: Fyrsti fullorðni einstaklingurinn á heimilinu fær vogina 1,0, aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig hafa hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$ þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu. Tveir fullorðnir með tvö börn þurfa semsagt 2,1 sinni hærri ráðstöfunartekjur en sá sem býr einn til þess að vera með sambærilegar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.


Hlutfall undir lágtekjumörkum eftir heimilisgerð

Vorið 2015 gaf Hagstofan út greiningu á lífskjörum og lífsgæðum barna¹ þar sem fjallað var um hlutfall barna sem bjuggu á heimilum undir lágtekjumörkum. Þar kom fram að árið 2014 bjuggu 10% barna á heimilum sem voru undir lágtekjumörkum. Hlutfallið hafði flókt lítillega á tímabilinu og verið í kringum 10-12%.

Á mynd 3 sést að árin 2015 til 2019 var lágtekjuhluftfall heimila með börn ennþá í kringum 10-12%, þar af 11,8% árið 2019. Á tímabilinu 2010 til 2019 var lítil munur á lágtekjuhluftfalli á barnlausum heimilum og heimilum með börn en þó má greina vissa sveiflu í lágtekjuhluftfalli barnlausra heimila þar sem hlutfallið hækkaði jafnt og þétt á árunum 2012 til 2017, úr 9% í 13,8%, og lækkaði aftur í 10,3% árið 2019.

Mynd 3. Lágtekjuhluftfall hjá barnlausum heimilum og heimilum með börn

Figure 3. Risk of poverty rate by households with and without children



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: Börn á heimili±1,5; heimili án barna ±1,1. CI (95%) 2019; Households with children ±1.5; households without children ±1.1.

Einstæðir foreldrar eru líklegastir til þess að vera undir lágtekjumörkum


Mynd 4 sýnir hlutfall heimila undir lágtekjumörkum eftir heimilisgerð. Frá árinu 2010 hefur hlutfallið verið hæst á meðal heimila einstæðra foreldra. Á árunum 2015 til 2018 fækkaði heimilum einstæðra foreldra undir lágtekjumörkum úr 31% niður í 24% en á milli 2018 og 2019 hækkaði hlutfallið upp í 37,5%. Hlutfall einstæðra foreldra undir lágtekjumörkum hefur ekki mælst jafnhátt frá því lífskjararannsóknin hófst árið 2004.

Árið 2019 var hlutfall heimila einstæðra foreldra undir lágtekjumörkum þrefalt herra en hlutfall heimila tveggja fullorðinna með börn þar sem 8,4% voru undir lágtekjumörkum. Þá voru 13,7% heimila, þar sem einn barnlaus fullorðinn bjó, undir lágtekjumörkum samanborið við 6,5% heimila tveggja eða fleiri barnlausra fullorðinna.

¹ Hagtíðindi, 100. árg., 12. tbl., 23. mars 2015: [Félagsvísar: Lífskjör og lífsgæði barna.](#)

Mynd 4. Lágtekjuhluftfall eftir heimilisgerð

Figure 4. Risk of poverty rate by household type



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: Eigendur án barna $\pm 0,9\%$; eigendur með börn $\pm 1,1$; leigjendur án barna $\pm 2,6\%$; leigjendur með börn $\pm 4,4\%$. CI (95%) 2019: Owner occupiers without children $\pm 0,9$; owner occupiers with children $\pm 1,1$, people renting their accommodation without children $\pm 2,6\%$; people renting their accommodation with children $\pm 4,4\%$.

Hlutfall undir lágtekjumörkum eftir stöðu á húsnæðismarkaði

Heimili á leigumarkaði eru líklegri en heimili í eigin húsnæði til þess að vera undir lágtekjumörkum


Á mynd 5 sjáum við hlutfall barnlausra heimila og heimila með börn sem eru undir lágtekjumörkum eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Árið 2019 var lágtekjuhluftfallið hæst á meðal barnafjölskyldna á leigumarkaði eða 25,9%. Hlutfallið er ekki sérlega stöðugt en á tímabilinu 2012 til 2019 var hlutfallið hæst árið 2013, eða 28,2%, og lægst árið 2014 eða 17,9%. Lágtekjuhluftfall leigjenda án barna var hæst 26% árið 2015 og lægst 18,9% árið 2019 en munur á lágtekjuhluftfalli hópanna var oft lítill eða ómarktækur á árunum 2012 til 2019.

Árið 2019 var lágtekjuhluftfall allra eigenda húsnæðis 6%. Á tímabilinu 2012 til 2019 var lágtekjuhluftfall eigenda með börn lægst 5,1% árið 2012 og hæst 7,6% árið 2015 og meðal eigenda án barna var hlutfallið lægst árið 2013, eða 4,4%, og hæst árið 2007, eða 11,8%.

Heilt yfir hefur lágtekjuhluftfall eigenda húsnæðis lækkað frá árinu 2004, hvort sem börn eru á heimilinu eða ekki. Lágtekjuhluftfall barnslausra leigjenda hefur einnig lækkað en lítill breyting varð á lágtekjuhluftfalli leigjenda með börn á árunum 2004 og 2019.

Mynd 5. Lágtekjuhlutfall hjá barnlausum heimilum og heimilum með börn eftir stöðu á húsnæðismarkaði

Figure 5. Risk of poverty rate by households with and without children and tenant status



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: Eigendur, barnlausir $\pm 0,9\%$; eigendur með börn $\pm 1,1\%$; leigjendur, barnlausir $\pm 2,6\%$; leigjendur með börn $\pm 4,4\%$. CI (95%) 2019; Owner occupiers without children $\pm 0,9\%$; owner occupiers with children $\pm 1,1$, people renting their accommodation without children $\pm 2,6\%$; people renting their accommodation with children $\pm 4,4\%$.


Lágtekjumörk eigenda og leigjenda húsnæðis eftir heimilisgerð

Á mynd 6 sést lágtekjuhlutfall húsnæðiseigenda eftir heimilisgerð. Þar sést aftur að heimili þar sem einn fullorðinn bjó, hvort sem börn bjuggu á heimilinu eða ekki, voru oftar undir lágtekjumörkum. Sé horft á tímabilið 2015 til 2019 þá fækkaði hlutfallslega einmenningsheimilum sem voru undir lágtekjumörkum í eigin húsnæði úr 11,7% í 6,6% árið 2019. Lágtekjuhlutfall einstæðra foreldra í eigin húsnæði lækkaði á árunum 2015 til 2017, úr 25,3% í 16,4%, en hækkaði svo upp í 24,4% árið 2019. Einstæðir foreldrar voru að minnsta kosti tvöfalt líklegri til þess að vera undir lágtekjumörkum heldur en aðrar heimilisgerðir í eigin húsnæði árið 2019.

Frá árinu 2004 hafa heimili þar sem tveir eða fleiri fullorðnir búa í eigin húsnæði verið ólíklegust allra heimilisgerða til þess að vera undir lágtekjumörkum. Staðan virtist best á árunum 2010 til 2016 en þá var lágtekjuhlutfallið lægst 1,9% og hæst 3,1%. Árið 2019 voru 5,1% þessra heimila undir lágtekjumörkum. Árin 2017 til 2019 var ómarktækur munur á lágtekjuhlutfalli heimila þar sem tveir fullorðnir bjuggu ásamt börnum og heimila þar sem tveir eða fleiri barnlausir fullorðnir bjuggu.

Mynd 6. Lágtekjuhlutfall á meðal þeirra sem búa í eigin húsnaði eftir heimilisgerð

Figure 6. Risk of poverty rate for owner occupiers by household type




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: 1 fullorðinn með börn $\pm 5,8$; 2 fullorðnir með börn $\pm 1,3$; 1 fullorðinn, barnlaus $\pm 1,6$; 2 eða fleiri fullorðnir, barnlausir $\pm 1,1$. CI (95%) 2019; 1 adult with children ± 5.8 ; 2 adults with children ± 1.3 ; 1 adult, childless ± 1.6 ; 2 or more adults, childless ± 1.1 .

Mynd 7 sýnir lágtekjuhlutfall meðal þeirra sem búa í leiguhúsnaði eftir heimilisgerð. Þar sést meðal annars að lágtekjuhlutfallið er mun hærra á heimilum þar sem einn fullorðinn býr. Um helmingur heimila einstæðra foreldra á leigumarkaði voru undir lágtekjumörkum árið 2019 samanborið við fimmtung heimila þar sem tveir fullorðnir bjuggu ásamt börnum á leigumarkaði.

Mynd 7. Lágtekjuhlutfall á meðal þeirra sem búa í leiguhúsnaði eftir heimilisgerð

Figure 7. Risk of poverty rate for people renting their accommodation by household type



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: 1 fullorðinn með börn $\pm 9,7$; 2 fullorðnir með börn $\pm 4,6$; 1 fullorðinn, barnlaus $\pm 3,6$; 2 eða fleiri fullorðnir, barnlausir $\pm 2,8$. CI (95%) 2019; 1 adult with children ± 9.7 ; 2 adults with children ± 4.6 ; 1 adult, childless ± 3.6 ; 2 or more adults, childless ± 2.8 .

Íþyngjandi húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður sem nemur 4,0% af ráðstöfunartekjum telst íþyngjandi

Húsnæðiskostnaður telst íþyngjandi þegar heildarkostnaður húsnæðis nemur meira en 40% af ráðstöfunartekjum heimilisins. Til húsnæðiskostnaðar telst húsaleiga, vaxtakostnaður og verðbætur vegna lána, viðhald, viðgerðir, bruna-, og fasteignatrygging, rafmagn, hiti og fasteignagjöld. Húsaleigubætur og vaxtabætur teljast ekki til húsnæðiskostnaðar.


Íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir heimilisgerð

Á mynd 8 sést að hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað hefur sveiflast nokkuð á tímabilinu 2004 til 2019 en hlutfallið er þó mjög svipað í upphafi tímabilsins og í lok þess. Barnlaus heimili voru almennt líklegri til þess að vera með íþyngjandi húsnæðiskostnað á tímabilinu.

Á tímabilinu 2011 til 2017 lækkaði hlutfall heimila með börn þar sem húsnæðiskostnaður var íþyngjandi úr 15,9% niður í 9,3% en árið 2019 hafði hlutfallið hækkað aftur upp í 12,7%. Hlutfall barnlausra heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað lækkaði úr 18,0% árið 2011 niður í 15,2% árið 2019.

Mynd 8. Hlutfall barnlausra heimila og heimila með börn með íþyngjandi húsnæðiskostnað

Figure 8. Housing cost overburden rate in households with and without children



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: Barnlaus heimili $\pm 1,3$; heimili með börn $\pm 1,6$. CI (95%) 2019; Childless households $\pm 1,3$; households with children $\pm 1,6$.

Heimili einstæðra foreldra og einmenninga eru líklegust til þess að vera með íþyngjandi húsnæðiskostnað


Mynd 9 sýnir hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað á tímabilinu 2004 til 2019 eftir heimilisgerðum. Frá 2008 hafa heimili einstæðra foreldra verið líklegust til þess að vera með íþyngjandi húsnæðiskostnað en á tímabilinu 2008 til 2019 hækkaði hlutfallið úr 20,8% upp í 36,3%.

Heimili barnlausra fullorðinna sem bjuggu einir voru næstlíklegust til þess að vera með íþyngjandi húsnæðiskostnað. Á einmenningsheimilum er nokkur húsnæðisbyrði enda nýtur hópurinn ekki stærðarhagkvæmni eins og heimili þar sem fleiri fullorðnir búa. Árið 2019 voru 23,4% einmenninga með íþyngjandi húsnæðiskostnað. Ekki var marktækur munur á hlutfallinu árin 2004 og 2019 en breytingar á milli ára innan tímabilsins voru þó stundum marktækar.

Árið 2019 var hlutfall með íþyngjandi húsnæðiskostnað næstlægst á heimilum tveggja fullorðinna með börn, eða 10,6%, og lægst á heimilum tveggja eða fleiri barnlausra fullorðinna eða 6,4%.

Mynd 9. Hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað eftir heimilisgerð

Figure 9. Housing cost overburden rate by household type



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: 1 fullorðinn með börn ± 6.2 ; 2 fullorðnir með börn ± 1.7 ; 1 fullorðinn, barnlaus ± 2.3 ; 2 eða fleiri fullorðnir, barnlausir ± 1.0 . CI (95%) 2019; 1 adult with children ± 6.2 ; 2 adults with children ± 1.7 ; 1 adult, childless ± 2.3 ; 2 or more adults, childless ± 1.0 .

Íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir stöðu á húsnæðismarkaði


Á mynd 10 sést hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað hjá barnlausum heimilum og heimilum með börn eftir stöðu á húsnæðismarkaði á tímabilinu 2004 til 2019. Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er mun algengari á meðal leigjenda húsnæðis en þeirra sem búa í eigin húsnæði og hefur hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað aukist á meðal leigjenda en lækkað hjá fólki í eigin húsnæði á tímabilinu.

Sé leigjendum og eigendum húsnæðis skipt eftir því hvort börn búi á heimilinu eða ekki er ekki að sjá að tilvist barna auki líkur á íþyngjandi húsnæðiskostnaði. Þvert á móti þá virðast barnlaus heimili á leigumarkaði almennt vera líklegri til þess að búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað heldur en heimili með börn á leigumarkaði.

Eins og sjá má á mynd 9 að ofan þá er hlutfall heimila sem býr við íþyngjandi húsnæðiskostnað misjafnt eftir heimilisgerð. Mynd 16 sýnir hlutfall heimila sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað fyrir leigjendur með og án barna og eigendur með og án barna. Innan þessara hópa eru ólíkar heimilisgerðir sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað í mismiklum mæli. Til þess að fá betri yfirsýn yfir áhrif stöðu á húsnæðismarkaði á byrði húsnæðiskostnaðar er þörf á nákvæmara niðurbroti á meðal eigenda annars vegar og leigjenda hins vegar.

Mynd 10. Hlutfall barnlausra heimila og heimila með börn sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað eftir stöðu á húsnæðismarkaði

Figure 10. Housing cost overburden rate in households with and without children by tenant status



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: Eigendur án barna $\pm 1,1\%$; eigendur með börn $\pm 1,3\%$; leigjendur án barna $\pm 3,0\%$; leigjendur með börn $\pm 4,4\%$. *CI (95%) 2019: Owner occupiers without children ± 1.1 ; owner occupiers with children ± 1.3 , people renting their accommodation without children $\pm 3.0\%$; people renting their accommodation with children $\pm 4.4\%$.*


Íþyngjandi húsnæðiskostnaður á meðal eigenda og leigjenda húsnæðis eftir heimilisgerð

Á mynd 11 sést hlutfall heimila í eigin húsnæði sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað eftir heimilisgerðum árin 2004 til 2019. Almennst hefur dregið úr íþyngjandi húsnæðiskostnaði á meðal heimila í eigin húsnæði á tímabilinu en heimili einstæðra foreldra skera sig þó úr. Hlutfall einstæðra foreldra með íþyngjandi húsnæðisbyrði lækkaði talsvert árin 2012 og 2013 en hækkaði svo aftur fram til 2019. Ekki er mikill munur á hlutfalli einstæðra foreldra með íþyngjandi húsnæðiskostnað árin 2004 og 2019, en árið 2004 var hlutfallið 21,3% samanborið við 24,8% árið 2019. Á heimilum með tveimur fullorðnum ásamt börnum er heldur ekki mikill munur á árunum 2004 og 2019 þó að hlutfallslega færri hafi búið við íþyngjandi húsnæðiskostnað á seinni hluta tímabilsins.

Hlutfallslega færri barnlaus heimili í eigin húsnæði bjuggu við íþyngjandi húsnæðiskostnað árin 2004 og 2019. Hlutfall einmenningsheimila með íþyngjandi húsnæðisbyrði var 19,5% árið 2004 samanborið við 11,8% árið 2019 og hlutfall heimila með tveimur eða fleiri barnlausum fullorðnum sem bjuggu við íþyngjandi húsnæðisbyrði var 8,4% árið 2004 samanborið við 4,9% árið 2019.

Mynd 11. Hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað á meðal þeirra sem búa í eigin húsnæði eftir heimilisgerð

Figure 11. Housing cost overburden rate for owner occupiers by household type




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: 1 fullorðinn með börn $\pm 6,1$; 2 fullorðnir með börn $\pm 1,7$; 1 fullorðinn, barnlaus $\pm 2,2$; 2 eða fleiri fullorðnir, barnlausir $\pm 1,0$. CI (95%) 2019: 1 adult with children ± 6.1 ; 2 adults with children ± 1.7 ; 1 adult, childless ± 2.2 ; 2 or more adults, childless ± 1.0 .

Á mynd 12 er sést hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað á meðal mismunandi heimilisgerða í leiguhúsnæði árin 2004 til 2019. Íþyngjandi húsnæðiskostnaður hefur aukist hlutfallslega á meðal allra heimilisgerða á leigumarkaði að undanskildum heimilum tveggja eða fleiri barnlausra fullorðinna. Líkt og áður er hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað hæst þar sem einn fullorðinn býr og þá hækkaði hlutfallið töluvert á fyrri hluta tímabilsins 2004 til 2019.

Hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað hefur hækkað mest á heimilum einstæðra foreldra eða úr 19,1% árið 2004 upp í 47,7% árið 2019. Hlutfall einmenningsheimila á leigumarkaði með íþyngjandi húsnæðiskostnað var 27,4% árið 2004 en hafði hækkað upp í 38,2% árið 2019. Á heimilum tveggja fullorðinna með börn á leigumarkaði hafði hlutfallið hækkað úr 7,1% árið 2004 upp í 15,2% árið 2019 og á heimilum tveggja eða fleiri barnlausra fullorðinna var hlutfallið 9,5% árið 2004 og 11,3% árið 2019.

Mynd 12. Hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað á meðal þeirra sem búa í leiguhúsnæði eftir heimilisgerð

Figure 12. Housing cost overburden rate for households renting their accommodation by household type



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: 1 fullorðinn með börn $\pm 9,7$; 2 fullorðnir með börn $\pm 4,5$; 1 fullorðinn, barnlaus $\pm 4,2$; 2 eða fleiri fullorðnir, barnlausir $\pm 2,9$. CI (95%) 2019; 1 adult with children $\pm 9,7$; 2 adults with children $\pm 4,5$; 1 adult, childless $\pm 4,2$; 2 or more adults, childless $\pm 2,9$.

Skortur á efnislegum gæðum

Skortur á efnislegum gæðum er mæling á bágum lífskjörum

Skortur á efnislegum gæðum¹ er mæling á bágum lífskjörum þróuð af Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Þeir sem teljast búa við skort á efnislegum gæðum búa á heimili þar sem að minnsta kosti þrennt af eftirfarandi á við: (1) Heimilisfólk hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum tólf mánuðum, (2) heimilisfólk hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni², (3) heimilisfólk hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetis máltíð að minnsta kosti annan hvern dag, (4) heimilisfólk getur ekki mætt óvæntum útgjöldum, (5) heimilisfólk hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma, (6) heimilisfólk hefur ekki efni á sjónvarpstæki, (7) heimilisfólk hefur ekki efni á þvottavél, (8) heimilisfólk hefur ekki efni á bíl, (9) heimilisfólk hefur ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Verulegur skortur efnislegra gæða á við þegar að minnsta kosti fernt af ofangreindu á við.

Skortur á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð


Á tímabilinu 2016 til 2019 hefur almennt dregið úr skorti á efnislegum gæðum

Á mynd 13 sést að á tímabilinu 2016 til 2019 dró úr skorti á efnislegum gæðum á Íslandi, bæði á barnlausum heimilum og á heimilum með börn. Árið 2019 var skortur á efnislegum gæðum algengari á barnlausum heimilum, eða 6%, heldur en á heimilum með börn eða 3,9%. Árin 2016 til 2018 var lítill munur á milli hópanna og var hann ómarktækur.

¹ Samhliða greiningu á niðurstöðum fyrir árin 2015 til 2018 hafa eldri niðurstöður verið endurskoðar. Við endurskoðun kom í ljós brot í tímaröð vegna orðalagsbreytinga í spurningunni um vikulangt frí sem hefur í för með sér að mælingarnar eru ekki sambærilegar á milli ára. Þrátt fyrir þessa orðalagsbreytingu árið 2016 verða allar mælingarnar birtar frá árinu 2004 en það er gert til þess að fá yfirgripsmikla mynd af tíðni skorts á efnislegum gæðum yfir allt tímabilið.

Mynd 13. Skortur á efnislegum gæðum hjá barnlausum heimilum og heimilum með börn

Figure 13. Material deprivation in households with and without children




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: Barnlaus heimili $\pm 0,8$; heimili með börn $\pm 0,8$. CI (95%) 2019; Childless households $\pm 0,8$; households with children $\pm 0,8$.

Á mynd 14 sést hlutfall barnlausra heimila og heimila með börn sem búa við verulegan skort á efnislegum gæðum. Árin 2016 til 2019 var tíðni verulegs skorts á efnislegum gæðum hærrí á barnlausum heimilum, eða 2,4%, heldur en á heimilum með börnum þar sem tíðnin var 1,4%. Munurinn á milli hópanna er þó oftast lítill eða ómarktækur og á það við um allt tímabilið frá 2004. Hlutfallið lækkaði nokkuð árið 2018 á meðal beggja hópa en hækkaði aftur 2019.

Mynd 14. Verulegur skortur á efnislegum gæðum hjá barnlausum heimilum og heimilum með börn

Figure 14. Severe material deprivation in households with and without children



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: Börn á heimili $\pm 0,5$; heimili án barna $\pm 0,6$. CI (95%) 2019; Households with children $\pm 0,5$; households without children $\pm 0,6$.


Skortur á efnislegum gæðum er algengastur á heimilum einstæðra foreldra

Mynd 15 sýnir hlutfall heimila sem búa við skort á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð yfir tímabilið 2004 til 2019. Skortur á efnislegum gæðum var algengastur á heimilum einstæðra foreldra árin 2004 til 2015 og þar á eftir á heimilum þeirra sem bjuggu einir. Á árunum 2016 til 2019 dró töluvert úr skorti á efnislegum gæðum á meðal einstæðra foreldra en hlutfallið fór úr 21,1% árið 2016 niður í 9,5% árið 2019. Þetta á einnig við um einmenningsheimili en árið 2016 skorti 14% þeirra sem bjuggu einir efnisleg gæði samanborið við 8,6% árið 2019.

Lítill munur var á tíðni skorts á efnislegum gæðum á heimilum með tveimur eða fleiri fullorðnum og á heimilum með tveimur fullorðnum ásamt börnum og átti það bæði við á tímabilinu 2004 til 2015 og 2016 til 2019. Árið 2019 var tíðni skorts á efnislegum gæðum 3,2% á heimilum með tveimur eða fleiri fullorðnum og 3,1% á heimilum þar sem tveir fullorðnir bjuggu ásamt börnum.

Mynd 15. Skortur á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð

Figure 15. Material deprivation by household type



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019: 1 fullorðinn með börn $\pm 3,1$; 2 fullorðnir með börn $\pm 0,9$; 1 fullorðinn $\pm 1,5$; 2 eða fleiri fullorðnir $\pm 0,7$. CI (95%) 2019: 1 adult with children ± 3.1 ; 2 adults with children ± 0.9 ; 1 adult ± 1.5 ; 2 or more adults ± 0.7 .


Skortur á efnislegum gæðum eftir stöðu á húsnæðismarkaði

Skortur á efnislegum gæðum er algengari hjá heimilum sem leigja en þeirra sem búa í eigin húsnæði

Á mynd 16 sést að staða fólks í eigin húsnæði er mun betri en þeirra sem leigja húsnæði, hvort sem börn eru á heimilinu eða ekki. Skortur efnislegra gæða var mun sjaldgæfari á meðal húsnæðiseigenda en á meðal þeirra sem bjuggu í leiguhúsnæði. Tíðnin hefur þó heilt yfir lækkað frá árinu 2004 í öllum hópum, bæði á tímabilinu 2004 til 2015 og 2016 til 2019.

Mynd 16. Skortur á efnislegum gæðum hjá barnlausum heimilum og heimilum með börn eftir stöðu á húsnæðismarkaði

Figure 16. Material deprivation in households with and without children by tenant status



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2019; Eigendur án barna $\pm 0,5$; eigendur með börn $\pm 0,7$; leigjendur án barna $\pm 2,2$; leigjendur með börn $\pm 2,2$. CI (95%) 2019; Owner occupiers without children $\pm 0,5$; owner occupiers with children $\pm 0,7$, people renting their accommodation without children $\pm 2,2$; people renting their accommodation with children $\pm 2,2$.

Gögn félagsvísa og fyrirvarar þeirra

Lífskjararannsókn

Mælingar á lágtekjuhutfalli, skorti á efnislegum gæðum og byrði húsnæðiskostnaðar byggja á árlegri lífskjararannsókn Hagstofunnar. Rannsóknin er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Lífskjararannsóknin er úrtakskönnun þar sem gagna er aflað með viðtölum við þátttakendur í síma frá febrúar fram í maí ár hvert. Auk þess er aflað upplýsinga um tekjur þátttakenda og heimilismeðlima úr skattagögnum. Úrtakið er byggt á slembiúrtaki einstaklinga úr þjóðskrá þar sem heimili einstaklinga eru valin í úrtak.

Helsti kosturinn við úrtaksrannsóknir er að þá er fólk spurt sjálft um stöðu sína. Niðurstöðurnar eru því ekki háðar því að upplýsingarnar séu skráðar af þriðja aðila og hægt er að nálgast huglægt mat fólks á stöðu sinni.

Niðurstöðurnar úr lífskjararannsókninni eru vigtaðar eftir kyni og aldri til þess að leiðrétta fyrir mun á svarendum og þjóðinni almennt. Í sama tilgangi er þessi vog kvörðuð (e. calibrated) í samræmi við fjölda eftir heimilisgerðum í mannfjöldatölum Hagstofunnar.

Skýringar félagsvísa

Byrði húsnæðiskostnaðar

Húsnæðisbyrði er reiknuð sem hlutfall ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem er varið í húsnæðiskostnað.

Húsnæðiskostnaður: Eftirfarandi liðir teljast til húsnæðiskostnaðar; húsaleiga, vaxtakostnaður og verðbætur vegna lána, viðhald, viðgerðir, bruna-, og

fasteignatrygging, rafmagn, hiti og fasteignagjöld. Húsaleigubætur og vaxtabætur eru dregnar frá húsnæðiskostnaði hjá þeim sem fá slíkar bætur greiddar.

Húsaleigubætur og vaxtabætur: Við útreikninga á byrði húsnæðiskostnaðar dragast húsaleigubætur og vaxtabætur frá húsnæðiskostnaði samkvæmt skilgreiningu Eurostat en teljast ekki til tekna.

Íþyngjandi húsnæðiskostnaður Íþyngjandi húsnæðiskostnaður byggir á útreikningum á húsnæðiskostnaði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum á neyslueiningu. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem húsnæðiskostnaður sem nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimilis.

Húsnæðiskostnaður: Eftirfarandi liðir teljast til húsnæðiskostnaðar; húsaleiga, vaxtakostnaður og verðbætur vegna lána, viðhald, viðgerðir, bruna-, og fasteignatrygging, rafmagn, hiti og fasteignagjöld. Húsaleigubætur og vaxtabætur eru dregnar frá húsnæðiskostnaði hjá þeim sem fá slíkar bætur greiddar.

Húsaleigubætur og vaxtabætur: Við útreikninga á byrði húsnæðiskostnaðar dragast húsaleigubætur og vaxtabætur frá húsnæðiskostnaði samkvæmt skilgreiningu Eurostat en teljast ekki til tekna.

Könnunarár og tekjuár Upplýsingum fyrir lífskjararannsóknina er aflað á tvennan hátt, með könnun og með upplýsingum úr skattagögnum. Í samræmi við vinnubrögð Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, miðast ártal í myndum og töflum við könnunarár sem er það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur eru úr skattagögnum fyrir árið á undan.

Lágtekjuhluftfall og lágtekjumörk Lágtekjuhluftfall (e. at-risk-of-poverty rate) er það hlutfall (%) einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi.

Marktækur munur Lífskjararannsóknin byggir á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðunum. Þegar ein metin stærð er borin saman við aðra er mikilvægt að átta sig á hvort munurinn á stærðunum er tölfræðilega marktækur eða ekki. Hefð er fyrir því meðal hagstofa að bera saman 95% öryggisbil stærðanna til að ákvarða hvort munur sé tölfræðilega marktækur og er þessi aðferð notuð hér. Ef öryggisbil stærðanna skarast ekki telst munurinn marktækur. Ef öryggisbilin skarast telst munurinn ekki vera marktækur. Tölfræðileg marktækni segir ekki til um hvort hugsanlegur munur sé þýðingamikill eða ekki.

Miðgildi Hægt er að líta á miðgildi sem töluna í miðjunni hafi öllum tekjum verið raðað í stærðarröð. Miðgildi heildartekna er því sú tala sem skilur að lægri helming tekjudreifingar frá hærri helmingi tekjudreifingar.

Meðaltal Meðaltal er útreikningur sem byggir á því að taka summuna af safni talna og deila því með fjölda talnanna.

Ráðstöfunartekjur Ráðstöfunartekjur (e. disposable income) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum. Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins

telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í rannsókninni. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. equivalised disposable income) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði frá Evrópusambandinu sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa alls 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á mánuði hafi $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$ þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.

Staðalvilla

Lífskjararannsóknin byggir á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Staðalvilla leggur mat á breytileika frá einu úrtaki til annars. Hversu stór staðalvillan er stýrist meðal annars af því hversu stórt úrtakið er. Staðalvillan verður minni við það að úrtakið stækkar. Staðalvillan verður einnig fyrir áhrifum af breytileika í gögnunum. Ef mikill munur er á milli gagnapunkta verður staðalvillan stærri.

Staðalvillan tekur mið að því að ef mörg tilviljunarkennd úrtök eru tekin úr sama þýðinu verða meðaltölin mismunandi eftir úrtökum. Staðalvillan segir til um dreifinguna á þessum meðaltölum. Staðalvillan er því staðalfrávik úrtaksdreifingar. Staðalvilla (standard error, SE) er metin með því að kvaðratrótinni af fjölda í úrtakinu er deilt í staðalfrávikði ($SE = \frac{SD}{\sqrt{n}}$).

Skortur á efnislegum gæðum og verulegur skortur á efnislegum gæðum

Þeir sem teljast búa við skort á efnislegum gæðum skilgreinast af því að hafa sagt þrjú af eftirfarandi níu atriðum eiga við um sig:

1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum .
2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (sem voru að upphæð 150 þúsund árið 2013).
5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma.
6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki.
7. Hefur ekki efni á þvottavél.
8. Hefur ekki efni á bíl.
9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu.

Þeir sem búa við verulegan skort á efnislegum gæðum hafa sagt að minnsta kosti fjögur af ofangreindum atriðum eiga við um sig.

Vikmörk Sjá öryggisbil.

Öryggisbil

Lífskjararannsóknin byggir á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til þess að meta óvissuna eru reiknuð öryggisbil (e. confidence

interval) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Með öryggisbilinu er því reynt að leggja mat á hversu nákvæmlega úrtaksgildið segir til um hið raunverulega gildi í þýðinu.

Þegar öryggisbil er reiknað er stuðst við útreikninga á staðalvillunni (sjá skýringu ofan). Öryggisbilið nær jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og vikmörk þess eru lögð við töluna og dregin frá henni. Ef metin stærð er 10% og öryggisbil $\pm 1,2$ eru neðri vikmörk 8,8% og efri vikmörk 11,2%.

Þegar tvær tölur eru bornar saman til þess að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til þess að teljast tölfræðilega marktækur er venja fyrir því að skoða hvort öryggisbil beggja talna skarist.

95% öryggismörk eru reiknuð með því að margfalda staðalvilluna fyrir metna stærð með 1,96. Segja má að ef röð tilviljunarúrtaka af sömu stærð yrðu tekin úr sama þýði myndi 95% öryggisbilanna innihalda þýðismeðaltalið.

Hagtíðindi **Félagsvísar**
 Statistical Series **Social indicators**

106. árg. • 4. tbl.

ISSN 1670-4770

18. júní 2021

Umsjón *Supervision* Þórdís Birna Borgarsdóttir • thordis.b.borgarsdottir@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is *www.statice.is*

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.